

Reglur um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir

Skv. 25 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

- Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
- Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

1. gr.

Markmið og forsendur

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika þessara til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- Sótt sér menntun.
- Viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og.
- Nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

Styrkveitingu er ætlað að stuðla að virkni í viðum skilningi. Styrkir koma þó hvorki í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

Athugasemd [ÁS1]: Er í leiðbeinandi reglum ráðuneytis og reglum Rvíkur

2. gr.

Hverjir eiga kost á styrk.

Einstaklingur sem býr við fötlun og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar¹, endurhæfingar² eða starfsendurhæfingar³ getur sótt um styrk samkvæmt reglum þessum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum.

- Að eiga lögheimili í sveitarfélaginu.
- Að hafa náð 18 ára aldri.

3. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru eftirfarandi:

- Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa eða annarrar fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.

¹ Hæfing hefur það að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðing fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðinu sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

² Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og unnt er.

³ Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

- Styrkur sé ætlaður til vegna starfsemi sem skapiar viðkomandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
- Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir, t.d. í sjóðir stéttarfélagar, og lögbundin framlög vegna hjálparkæja og láns hæft nám. Taka skal tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt láns hæft nám vegna fötlunar.

Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftan en á tveggja ára fresti.

2. Styrkur til greiðslu námskostnaðar (námskeiðs- og skólagjalda og námsgagna) sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Ekki er veittur styrkur til tölvukaupa í þessu skyni, en vísað til styrks til verkfæra- og tækjakaupa í því sambandi, sbr. lið 1. að framan.

- Að fyrir liggja staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út.
- Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir. Í því sambandi er vísað t.d. til t.d. í sjóðar stéttarfélagar sem umsækjandi greiðir í, lögbundinna framlagaög vegna hjálparkæja og þess ef nám er láns hæft nám samkvæmt lögum og úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna. Taka skal tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt láns hæft nám vegna fötlunar.

4. gr.

Styrkir og styrkupp hæðir

Sú fjárhæð sem er til ráðstöfunar byggist á því fjármagni sem bæjarráð ákveður hverju sinni og taka úthlutanir samkvæmt reglum þessum mið af þeirri fjárhæð og fjölda umsókna. Ef til þess kemur að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna er heimilt að forgangsraða umsóknum í samræmi við reglur þessar eða lækka styrkupp hæð til hvers og eins. Að jafnaði getur samþykktur styrkur numið að hámarki 80 þús.kr. við hverja úthlutun.

5. gr.

Auglýsingar, kynning og umsóknarferli

Auglýsa skal eigi síðar en 1. september ár hvert. Umsóknarrestur er þrjár vikur og skulu umsóknir afgreiddar innan þriggja vikna að loknum umsóknarfresti.

Tryggja skal eftir föngum útbreiðslu auglýsinga og kynninga og að þær séu birtar með þeim hætti að allir sem kunna að hafa hagsmuna að gæta hafi aðgang að þeim óháð fötlun.

Auglýsing/kynning skal birt á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar og í bæjarblöðum eða samsvarandi miðlum, enn fremur á Facebook-síðu bæjarins (📍). Ekki er gerð krafa um að auglýsing birtist í fjölmiðli á landsvísu en hins vegar skal leitast við að upplýsingarnar séu kynntur t.d. á vefsíðum

Athugasemd [ÁS2]: Orðfæri lagað að leiðbeinandi reglum ráðuneytis.

Athugasemd [ÁS3]: Í leiðbeinandi reglum Rvíkur er tekið fram ráðuneytis er nefnt

Athugasemd [ÁS4]: Virðist þetta ekki eiga við um verkfæri og tæki, hins vegar um nám, sbr. lið 2.

Athugasemd [ÁS5]: Þetta er svona í reglum Rvíkur og mér virðast þetta málefnalegar forsendur með því að annar valkostur sé fyrir hendi.

Athugasemd [ÁS6]: Nýtt heiti skv. nýjum lögum. Orðalag fært til leiðbeinandi reglna.

Athugasemd [ÁS7]: Þetta eða svipað orðalag úr leiðbeinandi reglum og reglum Rvíkur, en ekki kemur skýrt fram á hverju forgangsroðunin á að byggja. Hlýtur að verða huglægt mat hverju sinni – ef til kemur. Tel þó rétt að hafa þetta með.

Athugasemd [ÁS8]: 60 þús.kr. viðmið er í reglum Rvíkur, en mætti e.t.v. vera hærra ef fjárhagsáætlun og fjöldi umsókna gefur svigrúm til.

Athugasemd [ÁS9]: Þetta eru tvær vikur hjá Rvík, bæði umsóknar- og afgreiðslufrestur. Mér þykir það full stutt, einkum umsóknarfresturinn.

Athugasemd [ÁS10]: Þetta er úr leiðbeinandi reglum ráðuneytisins.

Landsamtakanna Þroskahjálpar (einnig á auðlesnu máli), Öryrkjabandalags Íslands og Fréttabréfi Blindrafélagsins ef við verður komið.

Starfsmenn sem annast þjónustu við fatlað fólk er hvatt til að benda því á þennan möguleika og aðstoða það við að sækja um styrk ef þess er óskað. Það gildir jafnt um starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs sem starfsstöðva bæjarins sem annast þjónustu við fatlað fólk.

Auglýsing skal innihalda helstu upplýsingar um ferli umsóknar og aðferð við úthlutun, m.a. hvaða sjónarmið séu lögð til grundvallar mati á umsóknum, einkum ef forgangsraða þarf umsóknum.

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar á þar til gerð eyðublöð. Þar skal koma fram hvaða upplýsinga er krafist. **4-gr.**

Umsóknarferli

Auglýst er eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári. Hægt er að sækja um í styrkinn í september og er umsóknum úthlutað í október ár hvert. Sótt er um rafrænt á heimasíðu bæjarins.

65. gr.

Fylgigögn umsóknar

Umsóknum skulu fylgja upplýsingar frá umsækjanda og/eða fagaðilum þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda. Önnur fylgigögn taka mið af tegund styrks sem sótt er um. Umsækjandi getur veitt fjölskyldu- og barnamálasviði heimild til að afla þeirra gagna sem sviðið hefur aðgang að.

Styrkur vegna náms:

- Ljósrit af örorkuskírteini eða vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun og hvers kyns hún er.
- Greinargerð þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda til að auka virkni hans og/eða möguleika til atvinnubátttöku.
- Námsvottorð. Staðfesting frá skóla um skráningu í nám eða á námskeið.
- Frumrit af kvittun fyrir námskostnaði og/eða vegna námskeiðs- og skólagjalda vegna yfirstandandi úthlutunarárs. námskeiðs- eða skólagjöldum.
- Sé óskað eftir styrk vegna námsgagna þarf að fylgja sundurliðun á kostnaði við þau og staðfesting á nauðsyn þeirra. Lýsing umsækjanda um ástæður styrksumsóknar.

Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggja staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.

Styrkur vegna verkfæra- og tækjakaupa:

- Ljósrit af örorkuskírteini eða vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun og hvers kyns hún er.
- Greinargerð þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda til að auka virkni hans og/eða möguleika til atvinnubátttöku.

Athugasemd [ÁS11]: Ofangreind atriði eru spunnin út frá ábendingum í fyrirspurn til fjölskylduráðs og í ljósi þess hve fáar umsóknir hafa verið undanfarin ár.

Athugasemd [ÁS12]: Þetta er úr leiðbeinandi reglum ráðuneytisins.

Athugasemd [ÁS13]: Allt komið fram hér að framan.

- Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum vegna yfirstandandi úthlutunarárs Lýsing umsækjanda um ástæður styrksúmsóknar.

Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftari en á tveggja ára fresti.

6. gr. Úthlutun styrkja

Tekið er tillit til eftirfarandi viðmiða við úthlutun styrkja:

- Heildarfjárhæð til úthlutunar er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs.
- Úthlutað er einu sinni á ári á grundvelli auglýsinga
- Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftari en á tveggja ára fresti.
- Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggja staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok
- Komi til að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda úmsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsraða úmsóknum eða lækka styrkuppþæð til hvers og eins.

7. gr.

Mat og afgreiðsla

Sé úmsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja vikna. Sinni hann ekki þeim tilmælum fellur úmsókn úr gildi. Taka ber tillit til þess ef umsækjandi vísar á réttargæslumenn, aðstandendur eða aðra persónulega talsmenn varðandi gagnaöflun.

Málgögn sem varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti að það stangist ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla úmsóknarinnar. Umsækjandi er þá gefinn kostur á að bæta úr úmsókn eða leiðrétta þær upplýsingar sem taldar eru rangar eða villandi og honum kynntur andmælaréttur sinn.

Séu skilyrði uppfyllt til þess að taka úmsókn til meðferðar fer fram mat á úmsókn. Við mat á úmsókn um styrk er litið til þess hvort líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku og hvort hæfing sem óskað er eftir stuðningi við geti nýst á vinnumarkaði.

Tilkynna skal umsækjanda um úthlutun styrks með formlegum hætti. Umsækjandi hefur þrjú mánuði til að skila inn kvittunum vegna útborgunar styrks. Að tveimur mánuðum liðnum fær umsækjandi áminningu um að skila inn tilskildum gögnum. Sé því ekki sinnt innan tveggja vikna fellur styrkveitingin niður nema fullnægjandi ástæður liggja þar að baki. Réttur til greiðslu fellur niður ef fylgigögnum og nauðsynlegum upplýsingum hefur ekki verið skilað fyrir 31. desember þess árs sem styrkúmsókn hefur verið samþykkt.

Styrkur er einungis greiddur inn á persónulegan reikning umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir kaupum.

Athugasemd [ÁS14]: Breytingartillögur í þessari grein eru meira og minna sóttar í leiðbeinandi reglur ráðuneytisins og reglur Rvíkur.

Athugasemd [ÁS15]: Allt komið fram hér að framan. Ath. þó hvað af þessu þurfi að koma fram í auglýsingu.

Réttur til úthlutunar fyrir sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað. Miðað er við dagsetningu frumrits greiðslukvittunar. Réttur til greiðslu fyrir ef fylgigögnum og nauðsynlegum upplýsingum hefur ekki verið skilað fyrir lok umsóknarfrests.

Athugasemd [ÁS16]: Texti þessarar 7. gr. er meira og minna sóttur í leiðbeinandi reglur ráðuneytisins og reglur Rvíkur.

Athugasemd [ÁS17]: Textinn í þessari 7. gr. er meira eða minna sóttur í leiðbeinandi reglur ráðuneytisins og reglur Rvíkur.

8. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálsviðs Hafnarfjarðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Hafnarfjarðar. Athugasemdum Ábendingum varðandi styrkinn skal beint til fjölskyldu- og barnamálsviðs Hafnarfjarðar.

9. gr.

Endurkrafa

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu styrkþega eru alla jafna endurkræfir. Sama gildir ef þeir eru nýttir í annað en samkvæmt upplýsingum í umsókn. Fjölskyldu- og barnamálsvið Hafnarfjarðar getur endurkrafið viðkomandi um þá fjárhæð sem styrkþegi hefur fengið með vísan til almennra reglna kröfuréttar.

Athugasemd [ÁS18]: Sótt í leiðbeinandi reglur ráðuneytis og reglur Rvíkur.

10. gr.

Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993, ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustubarfir nr. 38/2018 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

911. gr.

Áfrýjun

Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal ákvörðun rökstudd með vísan til viðeigandi ákvæða í reglum þessum skýrum hætti. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að fjölskylduráð Hafnarfjarðar fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til ráðsins frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina. Fjölskylduráð Hafnarfjarðar skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs Hafnarfjarðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

12. gr.

Leiðbeiningar til umsækjenda

Starfsmenn skulu veita umsækjanda aðstoð við umsóknir ef þörf krefur og jafnframt veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um þau réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir þjónustusvæðið skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

Athugasemd [ÁS19]: Úr leiðbeinandi reglum ráðuneytis og reglur Rvíkur.

913. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt skv. 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytis fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskylduráði **xxxxx**

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn **xxx** og taka gildi **xxx**